

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 142/1982. Köfunarstöðin h/f

gegn

Áburðarverksmiðju ríkisins.

Kærumál. Úrskurður um frest úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Samkvæmt heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1982, og barst hún Hæstarétti 5. júlí 1982. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um hinn umbeðna frest. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Í greinargerð til Hæstaréttar 7. júlí sl. krafðist varnaraðili staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Héraðsdómari, Eggert Óskarsson, borgardómari í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði varnaraðili gegn sóknaraðilja með stefnu, dags. 4. janúar 1982, til heimtu skaðabóta fyrir spjöll á trébryggju og fleiri eignum varnaraðilja. Eru þau talin hafa orðið, er pramma í eigu varnaraðilja hafi rekið á bryggjuna. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 12. janúar 1982. Á því dómþingi

lagði varnaraðili fram sóknargögn sín, en sóknaraðili fékk frest til 26. janúar 1982 til að rita greinargerð af sinni hendi. Þann frest fékk hann síðan framlengdan 4 sinnum, uns hann lagði fram greinargerð samkvæmt 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 32. gr. laga nr. 28/1981, á dómþingi 30. mars 1982. Fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnaöflunar um óákveðinn tíma.

Næst var málið tekið fyrir á bæjarþingi 26. maí sl. Kom þá fram beiðni um frest af hendi aðilja, sem stefnt hafði verið til réttargæslu í málinu. Samþykktu aðiljar, að sá frestur yrði veittur, og var málinu frestað til 9. júní sl. Jafnframt var skráð í þingbók, að í þinghaldi þann dag bæri varnaraðilja að tjá sig um, hvort hann vildi koma að frekari gögnum í málinu.

Á dómþinginu 9. júní sl. beiddist varnaraðili frests til að láta fara fram matsgerð dómkvaddra manna um kröfufjárhæðir sínar í málinu, en sóknaraðili mótmælti, að hann fengi að koma að frekari sönnunargögnum fyrir kröfum sínum en hann hefði lagt fram við þingfestingu málsins eða hann þá boðað í sóknargögnum sínum. Ákvað héraðsdómari þessu næst með sérstakri skirskotun í þingbók til 88. gr., 105. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. og 31. gr. laga nr. 28/1981, að taka málið til athugunar um formhlið þess. Gaf hann umboðsmönnum aðilja jafnframt kost á að tjá sig sérstaklega um það atriði, sem þeir og gerðu. Var því haldið fram af beggja hálfu, að eigi bæri að vísa málinu frá dómi. Kvað héraðsdómari að svo búnu upp úrskurð næsta dag að aðiljum fjarstöddum þess efnis, að málinu skyldi ekki vísað frá dómi.

Hinn 18. júní sl. var málið tekið fyrir að nýju á bæjarþinginu. Ítrekaði umboðsmaður varnaraðilja þá frestbeiðni sína frá þinghaldinu 9. júní, en umboðsmaður sóknaraðilja andmælti, að frestur yrði veittur. Lögðu umboðsmennirnir þann ágreining í úrskurð héraðsdómara, er kvað samstundis upp hinn kærða úrskurð um, að varnaraðilja væri „veittur umbeðinn frestur til 1. september 1982, kl. 10.00“.

Er skjöl kærumálsins bærust Hæstarétti, var þegar hafið

þingleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 4/1920, sbr. 11. gr. laga nr. 75/1973. Einnig var þá hafið þingleyfi bæjarþings Reykjavíkur samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt því varð ekki þaðan af þingað í málinu fyrr en í september að loknu þingleyfi, svo sem fram kemur í athugasemdum héraðsdómara til Hæstaréttar.

Hinn 22. september 1982 barst Hæstarétti bréf frá lögmanni varnaraðilja, þar sem segir svo:

„Ég hefi ákveðið að falla frá kröfu minni, er ég gerði fyrir héraðsdómi, um frest til framlengingar viðbótargagna. Fell ég því frá kröfum mínum í greinargerð, er ég sendi Hæstarétti og dags. er 7. júlí (sic.), en mótmæli jafnframt kröfu um málskostnað lögmanns Köfunarstöðvarinnar h.f.“

Skilja verður framangreint bréf þannig, að varnaraðili fallist á kröfu sóknaraðilja um, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þykir því bera að taka þá kröfu til greina, en rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.
